

# BREYTING Á DEILISKIPULAGI SPÖNGIN, EINING G VEGNA MÓAVEGS 2-4 OG SPANGARINNAR 3-5

## Breyting á sérskilmálum um sérnotafleti íbúða á jarðhæð

Þessi breyting tekur til húsa við Móaveg 2-4 og Spangarinnar 3-5, nánar tiltekið íbúða á jarðhæð húsanna.

Gerð er smávægileg breyting á sérskilmálum um sérnotafleti íbúða á jarðhæð á þá vegu að leyfilegt er að girða fyrir sérafnotafleti á alla vegu. Fyrir breytingu er aðeins leyfilegt að girða fyrir út frá húsvegg. Sett er hámarkshæð fyrir skjólveggi/grindverk.

Breyting er gerð á sérskilmálum í greinargerð. Enginn breyting er gerð á uppdrætti. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.

**Fyrir** breytingu skilmála (feitletruð setning felld úr gildi):

### *Sérnotafletir íbúða á jarðhæð*

Íbúðum á jarðhæð fylgir afnot af lóð, sem nær frá útvegg viðkomandi íbúðar. Sérnotafletir skulu klæddir harðviði eða hellum og skulu ekki ná lengra en 2.7 m frá útvegg og skal afmarka milli þeirra með veggjum sem eru 1.5 metri að hæð og skulu þeir vera í samræmi við heildarútlit byggingarinnar, snúa 90° á húsíð og mega ná jafnlangt út og sérnotafletir. Veggir við sérnotafleti skulu vera úr harðviði. Sérnotafletir snúa í suður og vestur (sjá nánar deiliskipulagsuppdrátt) og eru undir svölum efri hæða. **Ekki er heimilt að girða að öðru leyti.**

**Eftir** breytingu skilmála (viðbót feitletruð):

### *Sérnotafletir íbúða á jarðhæð*

Íbúðum á jarðhæð fylgir afnot af lóð, sem nær frá útvegg viðkomandi íbúðar. Sérnotafletir skulu klæddir harðviði eða hellum og skulu ekki ná lengra en 2.7 m frá útvegg og skal afmarka milli þeirra með veggjum sem eru 1.5 metri að hæð og skulu þeir vera í samræmi við heildarútlit byggingarinnar, snúa 90° á húsíð og mega ná jafnlangt út og sérnotafletir. Veggir við sérnotafleti skulu vera úr harðviði. Sérnotafletir snúa í suður og vestur (sjá nánar deiliskipulagsuppdrátt) og eru undir svölum efri hæða.

**Að öðru leyti er heimilt að girða sérnotafleti af með veggjum í 1,2 m hæð, með gegnsærra yfirbragði samanber handrið svala og í samræmi við heildarútlit byggingarinnar.**

## SAMÞYKKT

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 14. okt. 2020

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. nóv. 2020



YRKI arkitektar

